



Ársreikningur 2017

Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2017, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A hluta sveitarsjóðs og samantekin A og B hluta. Í A- hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B- hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf, og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Eyvindarstaðaheiði ehf.

Rekstur.

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **5.196 millj. króna** af samstæðunni í heild, A og B hluta. Þar af voru rekstrartekjur A hluta **4.454 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **4.651 millj. króna**, þ.a. A hluta **4.196 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **545 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um **258 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **197 millj.króna**, þar af **107 millj.króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **203 millj. króna**, þ.a. eru **150 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarafgangur A og B hluta á árinu 2016 er **145 millj.króna** og rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um **1,2 millj.króna**.

Þann 19.september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála-og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hinsvegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr.127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Samhliða því gerðu fjármála-og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19.september 2016. Samkvæmt 8.gr.samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar samkomulag, sem barst sveitarfélaginu í byrjun janúar 2018, um uppgjör við Brú og var samkomulagið undirritað í mars 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 597,9 millj.kr.



Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjörs. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 174,4 millj.kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma á fallinni stöðu Brúar í jafnvægi og er framlagið gjaldfært að fullu á árinu 2017.

-382,3 millj.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðar skuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

-41,1 millj.kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 182,4 millj.kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 .


Ef ekki hefði komið til þetta uppgjör við Brú sem ekki lá fyrir fyrr en í janúar 2018 væri rekstrarhagnaður A og B hluta á árinu 2017, 327 millj. króna og rekstrarafgangur A hluta væri jákvæður um 176 millj. króna.

Efnahagur.

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A og B hluta voru í árslok samtals **8.288 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **6.184 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2016 samtals **6.085 millj. króna**, þ.a. hjá A hluta **4.985 millj.króna**. Langtímaskuldir námu alls **3.489 millj.króna** hjá A og B hluta auk **593 millj.króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **2.203 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **26,6%**. Af þessari tölu nam eigið fé A hluta **1.199 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **19,4%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.146 millj.króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **73 millj.króna** nettó vegna aukinna lífeyrisréttinda og lengingu á lífaldri í útreikningum.

Sjóðsstreymisyfirlit.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam **443 millj.króna**, þar af er veltufé frá rekstri A hluta **193 millj.króna**. Handbært fé frá rekstri A og B hluta er **394 millj.króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2017, **266 millj.króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **339 millj.króna**. Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2017 eru **400 millj.króna**, handbært fé hækkaði um **67 millj.króna** á árinu og nam það **262 millj. króna** í árslok.



Rekstrartekjur.

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla(1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2009 - 2017 og hlutfallslega breytingu milli árána 2016-2017.

Tafla 1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Br.%
Rekstrartekjur	3086	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	105,7%
Rekstrargjöld	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	107,6%
Rekstrargj. án lífsk.	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4665	103,6%
Fjármagnsliðir	-320	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	79,0%
	-189	-2	-274	14	334	83	-66	157	146	
Óreglul.tekjur -(gjöld)	-63	-13	4	3	-20,2	44	-31	95	-1	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-252	-15	-270	17	313,8	127	-97	252	145	

Rekstrartekjur hækka um tæp 6% milli ára, sem er lægra en árið á undan og vegur sjómannaverkfallið þar þungt, en rekstrargjöld hækka um 7,6% hjá samstæðunni þegar búið er að gjaldfæra á laun uppgjör við Brú. Ef ekki hefði komið til uppgjör við Brú væri hækkan á rekstrargjöldum á milli ára 3,6 %.



Rekstrarkostnaður.

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A og B hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **3.046 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **58,62%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Ef ekki hefði komið til uppgjors við Brú þá væru laun og launatengd gjöld **55,12%** af samanlögðum tekjum. Sambærilegar tölur fyrir A hluta eingöngu eru þær að laun og launatengdur kostnaður var um **2.889 millj. króna** eða **64,86%** af heildartekjum A hlutans, en ef ekki hefði komið til uppgjors Brúar væru það **60,94%**. Á milli árunna 2016 og 2017 hækkuðu laun og launatengdur kostnaður um 13% hjá Sveitarfélaginu Skagafirði að meðtaldri hækkun á lífeyrisskuldbindingu og uppgjöri við Brú. Í rekstrargjöldum vegur þyngst hækkun á lífeyrisskuldbindingum.

Eftirfarandi tafla (2) sýnir samanburð á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2009 - 2017.

Tafla 2	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.105	2.401	2.691	3.046
Hlutfall af tekjum	56,30%	57,60%	57,60%	55,50%	50,70%	53,52%	55,64%	54,73%	58,62%
Hlutfall án uppgjors við Brú									
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.105	2.401	2.691	2.864
Hlutfall af tekjum	56,30%	57,60%	57,60%	55,50%	50,70%	53,52%	55,64%	54,73%	55,12%

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna.

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim viðmiðum sem gengið er út frá. Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 22 á bls. 28 í ársreikningi.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur samanburður átta ára, 2010 – 2017.

Hvað stærsta málaflokkinn varðar, fræðslu- og uppeldismálin, þá fer kostnaður við hann lækkandi sem hlutfall af skatttekjum á árunum 2012 og 2013, en hækkar svo aftur á milli árunna 2013, 2014 og 2015, lækkar árið 2016 en hækkar aftur árið 2017. Lækkunin er hluta til vegna þess nú eru tekjur vegna málefna fatlaðs fólks færðar sem skatttekjur, en voru áður færðar sem aðrar tekjur.

Aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins og hægt er að segja með sannri átt sér stað veruleg þjónustuskerðing þó aðhald hafi vissulega verið mikið. Aðhald verður að vera áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og að áfram verði leitað hagræðingartækifæra en þó ávallt með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.



Tafla 3

Aðalsjóður	2010	%	2011	%	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%
Skatttekjur	2.115		2.213		2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758	
Félagsþjónusta	127	6,0%	178	8,0%	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%
Heilbrigðismál	13	0,6%	14	0,6%	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%
Fræðslu-og uppeldi	1.308	61,8%	1.381	62,4%	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%
Menningarmál	125	5,9%	134	6,1%	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%
Æslulýðs-og íþrótt	265	12,5%	286	12,9%	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%
Brunamál og almenn	48	2,3%	49	2,2%	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%
Hreinlætismál	22	1,0%	19	0,9%	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%
Skipulags-og bygging	32	1,5%	39	1,8%	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%
Umferðar-og öryggis	58	2,7%	61	2,8%	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%
Umhverfismál	49	2,3%	56	2,5%	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%
Atvinnumál	62	2,9%	46	2,1%	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%
Framlög til B hluta	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður	153	7,2%	186	8,4%	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%
Lífeyrisskuldbindingar	6	0,3%	78	3,5%	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%
Óvenjulegir liðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Fjármunatekjur-(tjón)	52	2,5%	57	2,6%	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%
Aðalsjóður sam	-101		-257		-139		-16		183		257		48		126	
Eignasjóður og þjónusta	14	0,7%	-14	-0,6%	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%
Þjónustustöð	-25	-1,2%	-31	-1,4%	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%		0,0%		0,0%
A-hluti - sveitar	-112		-302		-79		11		-47		-176		43		1	

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna.

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður ber að hafa í huga að áætlun ársins 2017 var um margt aðhaldssöm og má segja að allir málaflokkar hafi staðist fjárhagsáætlun vel. Óhætt er að segja að mismunur á milli áætlana og rauntalna hafi aldrei verið minni frá því ný sveitarstjórnarlög tóku gildi. Rekstrarhagnaður umfram það sem áætlað var fyrir árið 2017 er 65 mkr, þrátt fyrir uppgjör til Brúar. Helstu breytingar frá áætlun á einstökum málaflokkum eru þær að skatttekjur eru hærri en áætlað var eða um 210 mkr., félagsþjónusta fer fram úr áætlun í útgjöldum um 60 mkr, en þeirri tölu var mætt með hærri framlagi frá Jöfnunarsjóði. Í fyrsta skipti frá því sveitarfélögin yfirtóku málefni fatlaðs fólks tókst að halda útgjöldum innan þess ramma sem úthlutað var og er það vel. Fræðslumálin fara fram úr áætlun um 27 mkr, það er m.a vegna langtímaveikinda sem og minni tekna hjá skólastofnunum sem útskýra þann mismun. Hreinlætismál fara um 2 mkr fram úr áætlun og sameiginlegur kostnaður um 21 mkr sem skýrist af niðurfærslu krafna sem ekki var áætlað fyrir. Að lokum má geta þess að gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hækkar um 159 milljónir í A-hluta umfram áætlun vegna breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár.

Vísað er að öðru leyti til ágættra skýringa og sundurliðana með ársreikningnum hvað þennan lið varðar. Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.




Samanburður	Ársreikningur	Áætlun	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	3.759	3.549	210	105,9%
Félagsþjónusta	674	614	60	109,8%
Heilbrigðismál	8	8	0	100,0%
Fræðslu-og uppeldismál	1.843	1.816	27	101,5%
Menningarmál	164	169	-5	97,0%
Æslulýðs-og íþróttamál	351	355	-4	98,9%
Brunamál og almannavarnir	64	68	-4	94,1%
Hreinlætismál	40	38	2	105,3%
Skipulags-og byggingarmál	45	56	-11	80,4%
Umferðar-og öryggismál	77	92	-15	83,7%
Umhverfismál	72	85	-13	84,7%
Atvinnumál	67	76	-9	88,2%
Framlög til B hluta	0	0	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður	246	225	21	109,3%
Lífeyrisskuldbinding	249	90	159	276,7%
Óvenjulegir liðir	0		0	0,0%
Fjármunatekjur-(gjöld)	14	2	12	700,0%
Aðalsjóður samtals	127	145	-18	87,6%
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður og þjón.stöð	128	117	11	109,4%
A-hluti - sveitarsjóður samtals				
	1	28	29	3,6%
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	42	21	21	200,0%
Vatnsveita	31	25	6	124,0%
Sjóveita	1	1	0	100,0%
Hitaveita	1	3	-2	33,3%
Fráveita	61	54	7	113,0%
Félagslegar íbúðir	9	11	20	81,8%
Eyvindastaðaheiði	1	0		#DIV/0!
Tímatákn ehf	1	1	0	100,0%
B-hluta stofnanir samtals	144	107	8,8	134,6%
A og B-hlut samtals	145	79	66	183,5%



Ný sveitarstjórnarlög.

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Þessar skyldur eru uppfylltar frá árinu 2012 eins og glöggst kemur fram í útreikningi á blaðsíðu 26 í meðfylgjandi ársreikningi.

Einnig segir í 64.gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga. Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldaviðmið 108 % á árinu 2017 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum eins og heimilað er. Séu lífeyrisskuldbindingar ekki dregnar frá er skuldahlutfallið 117% hjá samstæðunni og lækkar á milli ára.





Samantekt í lokin.

Ársreikningur ársins 2017 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Ber að þakka þann árangur sem hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en jafnframt að brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem alltaf er í gangi. Mikilvægt er að áframhald verði á góðri samvinnu allra aðila svo halda megi þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Að lokum vil ég þakka öllu starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í rekstri sveitarfélagsins og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 16. maí 2018.

Ásta Pálmadóttir
sveitarstjóri